

Fundargerð

Ípróttá- og tómstundanevnd - 237. fundur

haldinn í Krosseyri, Linnetsstíg 3,
24. November 2016 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason, .

Fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar sat fundinn.

Dagskrá:

1. 1609323 - Fjölskyldugarðar

Ípróttá- og tómstundafulltrúi sagði frá fundi aðila frá Vinnuskóla og Þjónustumiðstöðvar vegna garðlanda Hafnarfjarðarbæjar og fjölskyldugarða. Tillögu um útfærslu má vænta í byrjun nýs árs.

2. 1609650 - Heimsmeistaramót öldunga í Hálandaleikum 2017

Sagt frá fyrirhöguðu heimsmeistaramóti öldunga í Hálandaleikum sem fyrirhugað er að halda á Víðistaðatúni 2017.

5. 1510439 - Ípróttá- og viðurkenningahátíð

Linda Hildur Leifsdóttir fagstjóri frístundastarfs mætti á fundinn og fjallaði um Viðurkenningarhátíðina. Lindu, fulltrúa ÍBH og ípróttáfulltrúa falið að vinna áfram að málinu eins og fram kom á fundinum.

Stefnt er að því að funda um málið og ganga frá vali og lausum endum þann 7. desember. kl. 17:00

6. 1607149 - Heimsmót skáta 18-25 ára, World Scout Moot 2017 (WSM 2017)

Lagt fram bréf vegna skátamótsins þar sem óskað er eftir viðbótarframlagi Hafnarfjarðarbæjar.

Óskir bréfitara eru umfram heimildir nefndarinnar og ekki er hægt að styrkja mótið um 800.000 kr. Nefndin hefur tekið vel í að standa með skátunum að mótinu og Hafnarfjarðarbær mun leggja því lið. Ípróttáfulltrúa falið að ræða við fulltrúa skáta um aðra þætti.

3. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Eva Rut Reynisdóttir sagði frá fundi Ungmennaráðs sem haldin var þann 8. nóvember 2016. Þar var meðal annars rætt um að vera með ígildi Skrekks fyrir ungmenni sveitarfélaga í kringum Reykjavík. Ungmennaping verður 25. janúar í Lækjarskóla.

4. 1411359 - Ásvellir, starfshópur v/uppbyggingar 2015

Íþróttafulltrúi sagði frá síðasta fundi starfshóps um Ásvelli þar sem farið var yfir
útboðsgögn og samþykkt að auglýsa eftir tilboðum á smíði nýs körfuboltaháuss.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30.

**Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Elísabet Ólafsdóttir (sign)**

**Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
(sign)**
